

Föstudaginn 2. nóvember 1962.

Nr. 118/1962. **Óskar M. Jóhannsson**

gegn

Hallgrími Jónssyni.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Óskar M. Jóhannsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, útvistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. nóvember 1962.

Nr. 85/1962. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Júlíusi Einarssyni (Vilhjálmur Árnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Áfengis- og umferðarlagabrot.

Dómur Hæstaréttar:

Með óáfrýjuðum dómi sakadóms Reykjavíkur 21. september 1961 var ákærði sviptur ökuleyfi ævilangt. Saksóknari ríkisins hefur því fyrir Hæstarétti felld niður kröfu í ákæruskjali um sviptingu ökuréttinda ákærða. Með þessari athugasemd, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 4.000.00, og málflutningslaun til verjanda síns í Hæstarétti, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo,

að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Júlíus Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun til rikissjóðs, kr. 4.000.00, og málsvarnarlaun til verjanda síns í Hæstarétti, Vilhjálms Árnasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. apríl 1962.

Ár 1962, mánudaginn 30. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 2138/1962: Ákærvaldið gegn Júlíusi Einarssyni, sem tekið var til dóms 13. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 12. desember 1961, höfðað gegn ákærða, Júlíusi Einarssyni leigubifreiðarstjóra, Ránargötu 5 A, Reykjavík, fyrir brot gegn 4. mgr., sbr. 3. mgr. 19. gr., sbr. 2. mgr. 42. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Telst ákærði hafa gerzt brotlegur við téð lagaákvæði með því að hafa síðdegis fimmtudaginn 17. nóvember 1961 haft meðferðis í bifreið sinni, G 2056-L, 12 flöskur af brennivíni, en áfengi þetta þykir ákærði hafa ætlað til ólöglegrar sölu.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar leigubifreiðarstjóraréttinda og atvinnuleyfis samkvæmt 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, fyrrgreint áfengi verði upptækt samkvæmt 2. mgr. i.f. 42. gr. áfengislaga og loks verði ákærði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 28. september 1936 á Akranesi.

Sakavottorð hans hljóðar svo:

1954 26/4 Rvík: Áminning fyrir brot á umferðarlögum og lög-reglusamþykkt.

— 19/11 Rvík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

1955 28/7 Rvík: Sátt: 150 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.

— 25/11 Rvík: Sátt: 75 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lög-reglusamþykktar.

1956 20/8 Rvík: Áminning fyrir umferðarlagabrot.

- 1956 11/10 Rvík: Sátt 150 kr. sekt fyrir ökuhraða.
 — 21/11 Rvík: Sátt: 200 kr. sekt fyrir ógætilegan akstur.
 1957 12/4 Rvík: Sátt: 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
 1958 11/2 Rvík: Dómur: 2000 króna sekt, sviptur ökuleyfi í eitt ár fyrir brot á áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum.
 — 4/3 Rvík: Sátt: 300 króna sekt fyrir ökuhraða.
 — 4/5 Rvík: Sátt: 150 króna sekt fyrir ölvun.
 — 12/12 Rvík: Áminning fyrir ölvun.
 1960 19/2 Rvík: Sátt: 300 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
 — 17/5 Rvík: Sátt: 400 króna sekt fyrir of hraðan akstur.
 1961 21/9 Rvík: Dómur: 15 daga varðhald og svipting ökuleyfis ævilangt fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum.

Málsatvik eru þessi:

Föstudaginn 17. nóvember 1961, klukkan um 17.40, urðu lögreglumenn þess varir, að borinn var kassi frá áfengisverzluninni við Snorrabraut út í leigubifreiðina G 2056. Bifreiðin var stöðvuð litlu síðar í Austurstræti. Í henni voru tveir menn, ákærði og Bergþór Bergþórsson, Laugavegi 49 hér í borg. Ákærði, sem var eigandi bifreiðarinnar, viðurkenndi að hafa keypt í áfengisverzluninni við Snorrabraut þær 12 flöskur af brennivíni, sem í bifreiðinni voru, og goldið fyrir þær kr. 2.040.00.

Skýrði hann lögreglu svo frá, að hann hygðist neyta áfengisins sjálfur og veita vinum sínum af því, og væri hann á förum til Akraness þá um kvöldið. Ákærði var undir áhrifum áfengis. Ökumaður bifreiðarinnar sagði, að ákærði hefði haft á orði að fara upp á Akranes og veita kunningum sínum áfengi með sér. Lögreglan tók áfengið í sínar vörzlur.

Við yfirheyrslu í dómi neitaði ákærði, að hann hefði haft í hyggju að selja af áfenginu og staðfesti frásögn sína hjá lögreglu um ætlaða notkun þess. Ákærði tók fram í dómnum, að í þau skipti, sem hann bragðaði áfengi, gerði hann slíkt ræki-lega, og færu þá oft um 8—9 flöskur af brennivíni. Loks gat ákærði þess nú, að hann hefði boðið Páli Halldórssyni bifreiðasala með sér í ferðalagið til Akraness.

Vitnið Bergþór Bergþórsson staðfesti og fyrir dómi frásögn sína hjá lögreglu. Vitni þetta kvaðst þekkja ákærða all-vel og oft hafa lyft með honum glasi. Ekki mundi vitnið þó til þess, að slíkt áfengismagn, sem um getur í máli þessu, væri keypt í einu lagi, er þeir hefðu verið við gleðskap saman.

Páll Halldórsson bifreiðasali, Laugarnesvegi 52 hér í borg, bar fyrir dómi, að ákærði hefði umræddan dag boðið honum í skemmtiferð upp á Akranes. Fram er komið í málinu, að nefndu vitni, sem áður hefur starfað við leiguakstur, hefur frá árinu 1955 oft sinnið verið refsað fyrir brot á áfengislögum, seinast hinn 8. desember 1961 sektað um 10.000 krónur vegna brota gegn 18. og 19. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og þá svipt í 1 ár rétti til að stjórna bifreið, atvinnuleyfi og rétti sem leigubifreiðarstjóri.

Að beiðni skipaðs verjanda voru yfirheyrð tvö vitni, eftir að málið fór í vörn. Jón Hjartarson rakari, Akranesi, skýrði frá því, að ákærði hefði komið til Akraness síðla sumars 1960 og verið með þó nokkrar áfengisflöskur. Ekki vissi vitnið, hversu margar þær voru, en sagðist vita til þess, að ákærði hefði veitt töluvert áfengi, m. a. veitti hann vitninu.

Loks kom Brynja Lárusdóttir, Kársnesbraut 90, Kópavogi, fyrir sakadóm Kópavogs. Hún sagði þau ákærða hafa verið saman í rök 2 ár, þótt ekki bæru þau hringa, né væru opinberlega trúlofuð. Vitni þetta kvaðst aldrei hafa vitað til þess, að ákærði seldi áfengi, þótti hann hins vegar drekka of mikið, og kvaðst vitnið hafa orðið vart við, að hann gæfi heilar vínflöskur kunningjum sínum á Akranesi, þegar þau hefðu farið þangað. Frekari skýrslu óskaði Brynja Lárusdóttir ekki að gefa í dóminum.

Fram er komið í málinu, að lögreglan hefur haft nokkur afskipti af bifreið ákærða, G 2056-L. Verða þau nú rakin í ör-stuttu máli.

Sunnudaginn 18. september 1960, laust eftir miðnætti, töldu lögreglumenn, að ákærði væri að selja farþega, sem í bifreið hans var, áfengi. Höfðu þeir tal af ákærða, sem sagði farþegann hafa beðið sig um áfengi, og hann hafa ætlað að lána honum eina flösku af brennivíni gegn því, að hún yrði greidd í sama síðar. Afhending hafði ekki átt sér stað, en ákærði var með eina flösku af brennivíni undir sæti í bifreið sinni. Ekki var ákært vegna þessa atviks.

Föstudaginn 17. febrúar 1961, klukkan um 22.30, var gerð leit í bifreið ákærða vegna gruns um áfengissölu. Fannst ein flaska af brennivíni undir framsæti, er ákærði sagði föður sinn eiga. Ekki var ákært vegna þessa atviks.

Laugardaginn 8. júlí 1961, klukkan 22.30, fannst undir framsæti við leit í bifreið ákærða ein flaska af brennivíni, sem faðir ákærða kvaðst eiga. Ekki var kært vegna þessa atviks.

Laugardaginn 4. nóvember 1961, klukkan um 20.00, urðu lög-reglumenn varir við, að farþegi úr einkabifreið gaf sig á tal við ökumann leigubifreiðarinnar G 2056. Bifreiðunum var síðan ekið á móts við heimili ákærða á Ránargötu. Þar voru þeir til staðar ákærði og áðurnefndur Bergþór Bergþórsson. Játtaði hinn síðarnefndi að hafa þarna í bifreiðinni G 2056 selt eina heilflösku áfengis. Var málinu lokið með dómsátt í sakadómi Reykjavíkur hinn 6. nóvember 1961, þar sem nefndur Bergþór samþykkti að greiða kr. 2.500.00 í sekt til Menningarsjóðs.

Laugardaginn 11. nóvember 1961 var ákærði kærður fyrir að hafa kvöldinu áður selt Herði Gísli Péturssyni, Nökkvavogi 14 hér í borg, eina heilflösku áfengis. Ákærði neitaði sölnunni, og var mál ekki höfðað af því tilefni.

Telja verður, að lögreglan hafi hinn 17. nóvember s.l. haft rökstuddan grun um, að í leigubifreiðinni G 2056 væri áfengi, sem ætlað væri til ólöglegrar sölu. Eins og málum var háttað og lýst er hér að framan, verður ekki talið, að ákærði hafi samkvæmt 4. mgr. 19. gr. áfengilaga nr. 58/1954 leitt að því næg rök, að áfengið hafi ekki verið ætlað til sölu. Er háttsemi ákærða rétt lýst í ákæruskjali og þar færð til rétttra refsíákvæða. Ber að ákvarða refsingu hans samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaga kr. 10.200.00 sekt til Menningarsjóðs, sem er samkvæmt álímdum verðmiðum fimmfalt söluverð áfengis þess, sem í vörslum hans var, og vararefsingu varðhald 30 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ekki þykja næg efni til að svipta ákærða réttindum samkvæmt 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Samkvæmt 42. gr., 2. mgr. i.f., áfengislaga ber að gera upp-tækar til handa ríkissjóði þær 12 flöskur áfengis, sem málinu fylgja.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Vilhálms Árnasonar, kr. 2.000.00.

Sú skekkja var í frumskýrslu lögreglu, að föstudagurinn 17. nóvember 1961 var talinn fimmtudagur, en samkvæmt endurriti úr dagbók lögreglunnar í Reykjavík, var skýrslan gefin föstudaginn 17. nóvember 1961.

Dómsorð:

Ákærði, Júlíus Einarsson, greiði 10.200 króna sekt til

Menningarsjóðs, en sæti varðhaldi í 30 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Þær 12 flöskur áfengis, er málinu fylgja, eru gerðar upp tækar til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin máls-varnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Árnasonar, hrl., kr. 2.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 2. nóvember 1962.

Nr. 101/1962. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Jóni Ara Ágústssyni

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Áfengis- og umferðarlagabrot.

Dómur Hæstaréttar:

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitnin Ásgeir Stefánsson strætisvagnstjóri, Guðmundur Jónsson lögregluvarðstjóri og Friðrik Hermannsson lögregluþjónn mætt fyrir dómi og staðfest skýrslur sínar.

Ennfremur hafa verið lögð fram í Hæstarétti nokkur ný skjöl. Meðal þeirra er bréf Rannsóknarstofu próf. Jóns Steffensens til saksóknara ríkisins, dags. 16. ágúst 1962. Í bréfi þessu segir um rannsókn þá, er gerð var þar á blóði ákærða: „Gerð var að vanda tvöföld athugun, og reyndust niðurstöðutölur þessar: þ. e. reducerandi efni samsvarandi alkoholi 1,19‰ og 1,43‰, meðaltal 1,31‰.“

Að svo vöxnu máli þykir ekki komin fram lögfull sönnun fyrir því, að áfengismagn í blóði ákærða hafi í framangreint skipti náð því lágmarki, sem getur í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, þegar tekið er tillit til venju-